

| | | |
|--|--|---|
| Dags. fundar: 14. janúar 2013 | Tími: 17.15 | Nr. fundar: 29 |
| Fundarboðari: Ákveðið á síðasta fundi | Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir | Staður: Laugardalslaug. Efri hæð |

Efni fundar:

1. Nýta mótin betur.
2. Skýrslufrágangur vegna sundþings.
3. RIG.
4. Gullmót KR.
5. Dómaranámskeið.
6. Smáþjóðleikarar í lok maí.
7. Vinnusvæði starfsmanna.

Viðstaddir: Svahvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Forföll boðuð: Gunnlaugur Þráinsson og Steinunn R. Einarsdóttir

Dagskrá:

1. Félög þurfa að vera duglegri að hvetja sunddómara úr sínum röðum til að nýta betur þau mót sem dómarnir koma á sem foreldrar. Of oft sjást foreldrar með dómara réttindi sitja í stúkum, að því er virðist verkefnalitlir, þegar vantar í stöður á gólfínu.
2. Nokkrum skýrslum þarf að ganga frá fyrir Sundþing SSÍ sem haldið verður 22.-23 febrúar n.k.
3. RIG fatlaðra og ófatlaðra verða haldin næstu tvær helgar, 18.-20. og 25.-27. janúar. Er þetta í fyrsta skiptið sem mótin eru sett á tvær helgar. Andrea Thielenhaus er alþjóðlegur dómari erlendis frá en að auki verða íslenskir alþjóðlegir dómara við störf á mótunum. Gunnlaugur (Ægi) sér um að raða niður starfsmönnum á mótið.
4. Hafinn er undirbúningur fyrir Gullmót KR sem haldið verður 8.-10. febrúar. Það mót er að stórum hluta alþjóðlegt og krefst þ.a.l. alþjóðlegra dómara.
5. Áætlað er að halda dómaranámskeið í lok febrúar, með vinnumót Vormót Fjöl nis 1.-3. mars. Reynt hefur veirð að láta öll félög vita af námskeiðinu en formleg tilkynning hefur ekki verið send út.
6. Tilnefning á alþjóðlegum dómara á smáþjóðaleikana í Lúxemborg sem haldnir verða í lok maí þarf að fara að liggja fyrir. Einnig verður ræsi tilnefndur og vonað að pláss sé fyrir bæði dómara og ræsi frá Íslandi.
7. DMT – nefnd vill brýna fyrir mótshöldurum (félögum) að gætt sé vel að hvað sé vinnusvæði starfsmanna á sundmótum. T.d. að fjöldi fólks sé ekki að safnast saman í tæknibúrinu, þar sem eingöngu þeir starfsmenn mótsins sem þar eiga að vinna eiga að vera. Einnig sé tekið tillit til þegar búið er að „loka“ bakkanum, að óviðkomandi sé ekki að ganga fram og tilbaka á vinnusvæðinu.

Verkefni ákveðin á fundinum:

| <i>Verkefni</i> | <i>Ábyrgur</i> | <i>Ljúkist fyrir:</i> |
|---|----------------|-----------------------|
| Skýrslur fyrir Sundþing. | ÓB/SJ | Sem fyrst. |
| Tilnefning á Smáþjóðaleika – komið til stjórnar | ÓB | Sem fyrst |

Fundi slitið kl: 18.30

Næsti fundur: mánudaginn 18. febrúar 2013.